

## Þetta vita allir

Komið þið sæl ég heiti Vilborg og er hagfræðingur Samtaka ferðaþjónustunnar. Fyrst langar mig að óska RMF og okkur öllum til hamingju með daginn.

Guðrún sagði að ég mætti tala um hvað sem er - en ég ætla ekki að bregða út af vananum og tala um ferðaþjónustu og ferðaþjónustureikninga. Ég ætla ekki að þreyta ykkur með tölum heldur stikla á stóru í sögu reikninganna, Ég hef nefnilega verið að reka mig á að menn átta sig ekki á mikilvæg þeirra.

Það ættu nefnilega allir að vita ferðaþjónustureikningar sem eru hliðarreikningar við hina eiginlegu þjóðhagsreikninga hafa það burðarhlutverk að meta efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í þjóðarbúskapinn, þeir mæla afrakstur og verðmætasköpun atvinnugreinarinnar á Íslandi sem áfangastaðar fyrir ferðamenn.<sup>1</sup>

Í dag er vægi greinarinnar<sup>2</sup> það mikið að þróun hennar hefur áhrif á í hvaða átt lífskjörin í samfélaginu eru að hreyfast; það undirstrikar mikilvægið.

Reikningarnir hafa verið eitt af baráttumálum SAF – um árabíl – vegna þess að þeir eiga að þjóna atvinnugreininni – ásamt samfélaginu í heild. Grundvöllur þeirra er uppgjör fyrirtækjanna sjálfra til þess að hægt sé að reikna út vinnsluvirðið.

Tilgangurinn er ekki að;

- mæla veltu
- mæla gjaldeyristekjur
- mæla fjölda ferðamanna

Tilgangurinn er að mæla launin, vega hlutdeild fjármangs, þ.e. afskriftir, vexti og hagnað.

Saga reikninganna sýna að stundum verða grundvallaratriðin að aukaatriðum í háværu og fjölbreyttu dægurþrasi nútímans - þrátt fyrir að allir viti að þau þurfa að vera til staðar; það vissi Steingrímur Sigfússon, þáverandi landbúnaðar- og samgönguráðherra þegar hann lagði fram þingsályktunartillögu um ferðamálafestfni árið 1990, þetta vissi Halldór Blöndal 1993 þegar

---

<sup>1</sup> Tilgangur þjóðhagsreikninga er að setja fram tölulega og á kerfisbundinn hátt yfirlit yfir efnahagsstarfsemina í heild og einstaka þætti hennar. Með öðrum orðum má segja að þjóðhagsreikningaramminn feli í sér tæki og töl til að meta og mæla árangur af efnahagsstarfsemi þjóða. Þar er leitast við að finna mælikvarða sem gefa okkur mikilvægar upplýsingar um tengsl milli aðila á markaði og mælanlega hagsæld sem er óháð persónulegum geðþótta og smekk.

<sup>2</sup> 8,6% af VLF á árinu 2007 – nýri tölur eru ekki til.

hann vildi móta stefnu í ferðamálum í samráði við hagsmunasamtök í ferðaþjónustu, þetta vita allir eins og Leonard Cohen söng; Everybody Knows angurvært með róttæku ívafi.

Þetta vissi líka Þórður Friðjónsson heitinn forstjóri Þjóðhagsstofnunar, hann hafði víðan sjóndeildarhring og vildi fylgjast vel með hvernig mat á ferðaþjónustu var að þróast innan alþjóðlegra staðla Sameinuðu þjóðanna<sup>3</sup> en þar kom fljótt fram að reikningarnir urðu að rúmast innan ramma þjóðhagsreikninga - aðeins þannig væri hægt að tengja atvinnugreinina við aðrar þjóðhagsstærðir og þá mælikvarða sem notaðar eru yfir aðrar atvinnugreinar. Aðeins þannig væri hægt að meta þróun og áhrif hennar á samfélagið og sambúð við aðrar atvinnugreinar. Aðeins þannig væri hægt að máta hana við almennar efnahags- og atvinnustefnur og alls konar rammaáætlanir s.s. á stjórn auðlindanýtingar. Tengslin við þjóðhagsreikninga var nauðsynleg því þá var hægt að bera ferðaþjónustu saman við aðrar atvinnugreinar á jafnréttisgrundvelli.

Á afmælum er *oft góður tími að líta um öxl* – það kom í minn hlut á Þjóðhagsstofnun að fylgjast með þeirri aðferðafræði sem smám saman var að mótast innan alþjóðlegra stofnana - þar var ein gullin regla að halda alltaf - alltaf - tengslin við uppgjör þjóðhagsreikninga. Þórður hafði áhuga á ferðaþjónustu kannski af því að hann sá að með henni gæti atvinnulífið þróast hraðar í átt að þjónustuhagkerfi, frá framleiðsluhagkerfi, að íslenskt atvinnulífið yrði fjölbreyttara. Stofnunin birti tölulegar upplýsingar um ferðaþjónustu, hún vann skýrslur fyrir ráðuneyti ferðamála, ég sótti fundi hjá OECD og Eurostat og var bjartsýn á; að með tíð og tíma væri hægt að búa til góða hliðarreikninga yfir ferðaþjónustu. Ég heimsótti Bjarnheiði Hallsdóttur núverandi formann SAF sem þá var að kenna ferðamálafræði í MK, og norður til Arnars Más en hann var að kenna ferðamálafræði í MA - til að kynna hvað stofnunin var að gera. Ég kynnti jafnframt reikningana á aðalfundum hjá SAF. Starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar var nefnilega uppálagt að líta á stofnunina sem þjónustustofnun við atvinnulífið, við stjórnvöld, ríkisstjórn og aðra hagaðila. Árið 2002 var Þjóðhagsstofnun lögð niður –ég tók við Hagdeild TR og var þar í nokkur ár.

Hluti af starfsemi Þjóðhagsstofnunar fór yfir á Hagstofu og ég fylgdist með hvað var að gerast í birtingu upplýsinga varðandi ferðaþjónustu - þaðan var lítið að fréttu.

Á lok árs 2005 sat ég í vinnuhóp sem Sturla Böðvarsson þá samgönguráðherra myndaði ásamt Þorleifi Þór Jónssyni þáverandi hagfræðingi SAF og öðru góðu fólki. Hópnum var uppálagt að meta hvort grundvöllur væri fyrir að útbúa hliðarreikninga fyrir ferðaþjónustu. Niðurstaðan var að fjölmörg rök væru fyrir því að halda áfram að þróa reikningana og stefna að heildstæðu yfirliti með tíð og tíma. Nokkru seinna ákvað ráðuneytið að styrkja gerð reikninganna og í árslok 2008 -

---

<sup>3</sup> A System of National Accounts (SNA)

í hruninu - komu fyrstu reikningarnir út, aftur á árinu 2010 og 2011. Á árinu 2012; rétt fyrir útgáfu fjórðu reikningana; og rétt fyrir stóra alþjóðleg ráðstefna um tölfræði í ferðaþjónustu þar ég átti að halda erindi um tölfræðilegt mat á gjaldeyristekjum í íslenski ferðaþjónustu - var ákveðið að hætta vinnu þeirra í sparnaðarskyni.

Það var alltaf hugsunin að Ferðamálasetur Íslands fyrirrennari RMF kæmi að gagnasöfnun við gerð reikninganna. Það gekk ekki eftir en Edward Huijbens þá forstöðumaður RMF sýndi reikningunum mikinn áhuga, vildi leggja sitt að mörkum og ég fagnaði því – mjög - en það féll ekki í jafn góðan jarðveg hjá öllum – af hverju svo var – eru sennilega ótal margar skýringar.

Góður vinur minn og samstarfsmaður til margra ára útskýrði það á þennan hátt; þú ert svo illa læs á pissukeppni karla - í þessu tilviki var hún komin á það stig að menn hölluðu sér svo langt aftur að bunan skall til baka - á þá sjálfa.

Þarna kom aftur bakslag í reikningagerðina en RMF ferðamála vissi að reikningarnir voru mikilvægir. Á árinu 2015 gaf hún út skýrslu þar sem farið er nokkuð ýtarlega yfir aðferðafræðina og birti tölur yfir meginniðurstöður. Rannsóknarmiðstöðin hefur líka tekið út efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu þar sem aðferðum ferðaþjónustureikninga er beitt. Við gerð Vegvísis í ferðaþjónustu var spjallað við Cristi Frent starfsmann RMF en hann var að vinna að reikningunum og þar kom fram að vinnan hafi verið erfið - vegna þess að það vantaði tengingu við reikniverk þjóðhagsreikninga. Þau tengsl eru grunvallatriði og endalaust tíunduð í þeirri alþjóðlegu forskrift sem reikningarnir byggja á. Þetta eiga allir að vita.

Á undanförunum árum hefur efnahagssvið Hagstofunnar unnið hluta af reikningunum - ráðuneytið greiðir í þeim tilgangi 10 milljónir kr. árlega til stofnunarinnar sem endurspeglar kannski áhugann en líka það; að ekki allir vita um mikilvægi reikninganna.

Í dag er ekki nægjanlega breið eftirspurn til staðar frá hagaðilum - það er öðruvísi en áður var; þegar menn vissu. Það er ekki nóg að SAF kalli eftir reikningunum – þar geta fleiri lagt lóð (sitt) á vogarskálina. Í ljósi síðustu atburða má það koma fram að; með reikningunum er hægt að meta jaðaráhrif á greinina; hvað gerist ef það verða breytingar á einstökum þáttum.

Það er mín tilfinning að á undanförunum árum hafi **óskir** frá hagaðilum ekki verið nægjanlega skýrar að baki fjármagni til hagskýrslustofnana. Þar er verk að vinna. Það er nefnilega hætta á að framboð gagna aukist framboðsins vegna á kostnað gæða, verði óskilvirkt og ósambætt.

Allir vita að gögn ein og sér eru upplýsingar en saman við önnur gögn þá hefst þekking. Þjóðhagsreikningar og ferðaþjónustureikningar eru tímalausir, þeir eru „perpetual“ (ævarandi),

Þeir eru unnir á kerfisbundin hátt, þeir eru grunnstoð – þeir kalla á hæga hagræna hugsun - ekki einskiptis úttekt þar sem menn eru stöðugt að finna upp hjólið. Eðli reikninganna er þannig að vinnan við þá á ekki að vera hliðar- og afgangstarf. Það vita allt of fáir. Ef reikningarnir eru unnir á samræmdan hátt er hægt að mæla raunbreytingar.

Allir vita að ferðaþjónusta vegur þungt í verðmætasköpun landsins. Gagnsæjar upplýsingar um efnahagsleg áhrif ferðamanna samkvæmt reikningunum eiga auðvitað alltaf að vera tiltækar og aðgengilegar hverju sinni. Ég ætla að mála í nokkuð sterkum litum og leyfa mér að halda því fram að þeir sem eru að rannsaka eða safna gögnum í nafni ferðaþjónustunnar þurfa alltaf að spyrja;

- hvernig þjónar verkefnið eða gagnasöfnunin mati á umfangi atvinnugreinar-innar í íslensku efnahagslífi.

Ég tel að svarið sé oft jákvætt vegna þess að reikningarnir ná yfir afar vítt svið þegar kemur að hagskýrslugerð enda eiga þeir að nýtast til stefnumótunar og til áætlunargerðar og markaðssetningar.

Stundum er svarið nei – sem er líka mikilvægt vegna þess að menn eru að bítast um takmarkað fjármagn og þá þarf lítið land eins og Island að forgangsraða. Fjármagn á aldrei að vera opin tekki, ekki heldur inn á stofnanir, – menn verða að vita hvað er mikilvægt og fylgja því fast eftir. Þá eru menn að viðhalda einhverju mikilvægu styðja við sjálfbærni.

Ný lög um opinber fjármál og fjármáláætlun hafa tilvísun í þjóðhagsreikninga. Fjárfestingar atvinnulífsins og fjárfestingar hins opinbera niður á málaflokka - líka. Yfirlit yfir rekstur og efnahag atvinnugreina á að rýma við framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga og svona má lengi halda áfram.

Í þessu samhengi er gaman, en líka sorglegt, að segja frá því að í nýrri fjármálaáætlun þar sem fjallað er um útflutningsatvinnugreinar er flott mynd, sem sýnir framleiðsluverðmæti í sjávarútvegi á hvern starfsmann, en á blaðsíðunni þar á undan undir kaflanum „Ferðaþjónusta“ sem staðir hefur undir gjaldeyristekjum þjóðarinnar undanfarin ár, er mynd af þróun í leitareftirspurn á Google eftir flugi til Íslands. Þar hefði ég viljað sjá mynd af framleiðsluverðmæti á hvern starfsmanna í ferðaþjónustu og skemmtilega myndin frá Google vini mínum hefði auðvitað mátt fylgja með.

Í fjármálaáætlun eru settar fram áherslur, markmið og fyrirhugaðar aðgerðir á hverju málefnasviði fyrir sig sem er mikið framfaraskref en það kom mér verulega á óvart og er eiginlega ótrúlegt, að í málaflokki 14 um ferðaþjónustu er mælikvarðinn að baki markmiði um

efnahagslega sjálfbæra ferðaþjónustu; breyting á heildarveltu í einkennandi greinum ferðaþjónustu. Þetta eiga allir að vita; að er ekki í lagi.

Ein af grunnástæðum fyrir því að alþjóðastofnanir hófu að vinna ferðaþjónustureikninga var einmitt sú að framboðshliðin – veltan var **ekki** nægjanlega lýsandi fyrir efnahagslegt mikilvægi greinarinnar – áherslan þarf að vera á ferðamanninn – útgjöld hans - eftirspurn hans og á þeim grundvelli á að meta áhrif helstu þjóðhagsstærðir, á neyslu, á fjárfestingu, á tekjur og gjöld ríkis- og sveitarfélaga á út- og innflutning og á vinnumarkaðinn og svona má lengi telja.

Veltan eða tekjur samkvæmt einkennandi greinum ferðaþjónustu dregur ekki fram hvaðan eftirspurnin kemur – er hún innlend, erlend eða er hún innflutt eða sitt lítið af hvoru.

Allir vita að heildarvelta í flugrekstri hefur svo sannarlega ekki verið lýsandi fyrir hvað er að gerast á áfangastaðinn Ísland - undanfarin ár. Í veitingarekstri er einkaneysla heimila í hversdagslífi meðtalin, í veitingasölu á hótelum líka svo eitthvað sé nefnt.

Tekjur í einkennandi greinum ferðaþjónustu er eins og að mælikvarðinn á árangur í sjávarútvegi væri; árleg aukning á tonnum upp úr sjó og enginn greinarmunur gerður á mikilvægi einstakra fisktegunda eða hvaða markaðir eru mikilvægastir þegar kemur að eftirspurn – efir sjávarafurðum.

Í fjármálaáætlun undir málefnasvið 14 kemur fram að vægi ferðaþjónustu í landsframleiðslu sé 8,6%, samkvæmt ferðaþjónustureikningum en að fjöldi starfa séu um 33 þúsund samkvæmt einkennandi greinum í ferðaþjónustu eða um 16,4% af öllum starfsmönnum á íslenskum vinnumarkaði. Ég segi nú bara; takið þið nálina úr mér. Hvað er að gerast?

Ágætu gestir!

Guðrún sveitungi minn eins og föðurfólkið hefði viljað að ég segði spyr svo fallega. Hvað getum við gert fyrir ykkur? Þegar stórt er spurt er oft fátt um svör en langar að segja þetta; að hoc rannsóknir eiga rétt á sér - sannarlega – en það er nauðsynlegt að hafa „ævarandi“ vinnu líka – ramma og grunn til að fylla í og byggja á. Við þurfum að þetta baklandið, auka samtalið við stofnanir og passa að fjármagnið leiti á rétta staði.

Hjá SAF hafa menn verið að hlaupa mjög hratt – það er alls konar, alls konar verkefni sem koma upp á borð;

- hvaða áhrif mun hækkun á virðisaukaskatti hafa á ferðaþjónustu landsins, á fyrirtækin í greininni, en þar verða jú verðmætin til; hvernig rýma farþegar um

Keflavík og Masteraplan ISAVIA ohf. við fjölda ferðamenna á áfangastaðnum Íslandi og uppbyggingu innviða á áfangastaðnum.

- hver eru efnahagslegu áhrifin af gjaldproti WOW, hvaða áhrif mun ný reglugerð um hvalveiðar hafa á vilja erlendra ferðamanna til að koma til landsins.

Já og stundum mætti halda að hið opinbera héldi að efnahagslegur ávinningur þjóðarinnar af ferðaþjónustu verði hámarkaður með gjalddöku og skattlagningu

- kannski hefur það e-ð að gera með háa ríkisstyrki til greinarinnar en samkvæmt fjármálaáætlun nema þeir 26 milljörðum kr. en það kannast ekkert fyrirtæki í ferðaþjónustu við að hafa fengið slíkan styrk.

Kannski er það verðugt verkefni fyrir RMF að rannsaka skattstyrki eða hjálpa til við að skoða hvað það eru raunverulega margir sem vinna við að búa til 8,6% af VLF - mín kenning er að það voru ekki 16% af fjölda starfandi. Það eru líka alls konar þættir sem verðugt er að skoða og rannsaka – hvaða gengi skilar hagfelldustu niðurstöðum til atvinnugreina í ferðaþjónustu – er niðurstaðan misjöfn milli greina og af hverju þá.

Svona í bláendann þá ætla ég að vera bjartsýn – það hefur margt gott gerst – þar skiptir kannski landamærakönnunin mestu. Annað sem skiptir máli er að Jóhannes Þór Skúlason framkvæmdastjóri SAF flaug ásamt fríðu föruneyti til Nýja Sjálands í fyrra hann áttaði sig á að Nýsjálendingar vilja fylgja tilmælum frá alþjóðlegum stofnunum og mæla ferðaþjónustu á trúverðugan hátt, fylgja alþjóðlegri forskrift þjóðhagsreikninga/ferðaþjónustureikninga til að tryggja samræmt verklag og sameiginlegan skilning hagaðila á greininni. Nú þarf hann að breiða út boðskapinn. Öflugar rannsóknir og upplýsingar á hagrænum áhrifum greinarinnar eru forsenda stefnumótunar til langs tíma.

Allir vita að RMF getur lagt sitt að mörkum í þeirri vinnu.

Takk fyrir